

ÁRSSKÝRSLA 2014



SSV

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi



EFNISYFIRLIT

Starfsemi SSV árið 2014.....	3
Aðalfundur SSV.....	3
Málþing og framhaldsaðalfundur SSV.....	4
Stjórn SSV.....	6
Skrifstofa SSV.....	7
Sóknaráætlun Vesturlands.....	9
Almenningssamgöngur.....	11
Atvinnuráðgjöf.....	13
Vaxtarsamningur Vesturlands.....	17
Þjónusturáð Vesturlands.....	19
Starfsendurhæfing Vesturlands.....	21
Menningarmál.....	23
Vesturlandsstofa.....	27
Lokaorð.....	31
Viðauki: Styrkir til menningarmála 2014.....	33



INNANGANGUR

Í nýjum lögum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) sem samþykkt voru á framhaldsaðalfundi s.l. haust kemur fram að á aðalfundi skuli leggja fram skýrslu um starfsemi samtakanna. Starfsmenn SSV hafa unnið að því undanfarið að taka saman þá skýrslu sem hér er lögð fram. Það er von okkar að skýrslan gefi glögga mynd af þeim verkefnum sem SSV sýslar með og verði sveitarfélögum, fyrirtækjum, stofunum, hagsmunasamtökum og einstaklingum góð heimild um starfsemina. Tilgangurinn með útgáfu á skýrslu sem þessari er líka að fræða og miðla þekkingu á þeim verkefnum sem unnin eru á vettvangi landshlutasamtaka, gera þær upplýsingar aðgengilegri og stjórnsýsluna gegnsærri og opnari.



Vitarnir á Akranesi (Mynd tekin af af Finni Andrésyni)

STARFSEMI SSV ÁRIÐ 2014

Í raun má segja að árið 2014 hafi um margt verið ár breytinga á starfssemi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Unnið var að innleiðingu þeirra breytinga sem undirbúnar voru á árinu 2013 og koma margar hverjar fram í nýjum lögum SSV. Auk þess yfirtóku samtökin verkefni eins og menningarmál eftir að Menningarráðs Vesturlands var lagt niður í árslok 2013. Í upphafi árs 2014 eignaðist SSV allt hlutfé í Vesturlandsstofu og hefur í kjölfarið komið mun meira að starfssemi hennar en áður var. Þá var unnið að stofnun Starfsendurhæfingar Vesturlands í góðu samstarfi við ýmsa aðila. Allar þessar breytingar hafa sett svip sinn á starfssemi SSV á árinu, bæði starf stjórnar sem og störf skrifstofu SSV. Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu verkefnum SSV.

AÐALFUNDUR SSV

Aðalfundur SSV var haldinn í Borgarnesi 28. mars. Þetta var í samræmi við lagbreytingu sem kvað á um að aðalfundur skildi haldinn eigi síðar en í apríl ár hvert og málþing að hausti. Áður hafði verið sú hefð að aðalfundur SSV færi fram að hausti. Í umræðum um áðurnefndar lagabreytingar kom fram sú sýn að á aðalfundi að vori væri verið gera upp undangengið ár, en málþing sem haldið er að haust yrði hins vegar stefnumótandi fyrir komandi ár. Á sama degi og aðalfundur SSV fór fram héldu aðrir samstarfsaðilar sem að öllu leyti eða hluta til eru í eigu sveitarfélaga sína aðalfundi. Það er von manna að þetta fyrirkomulagi tryggi betri miðlun upplýsinga til sveitarstjórnarmanna og betri mætingu á aðalfundi tengdra aðila.

Á aðalfund SSV mættu 36 fulltrúar og gestir. Formaður SSV Gunnar Sigurðsson flutti skýrslu stjórnar og Hrefna B. Jónsdóttir framkvæmdastjóri kynnti ársreikning samtakanna. Fundurinn samþykkt skýrslu formanns og ársreikning. Vífill Karlsson atvinnuráðgjafi kynnti Íbúakönnun á Vesturlandi sem unnin var síðla árs 2013 og Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri VIRK starfsendurhæfingar kynnti starfssemi VIRK og þá vinnu sem fer fram varðandi starfsendurhæfingu á landinu. Fundurinn samþykkti síðan að vísa tillögu að lagabreytingum og kjöri stjórnar til málþings SSV.

MÁLÞING OG FRAMHALDSAÐALFUNDUR SSV

Málþing og framhaldsaðalfundur SSV fór fram í Búðardal 18. september. Alls sátu fundinn 48 fulltrúar og gestir. Sérstakur gestur fundarins var Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra, en auk hennar sátu þingmenn úr Norðvestur-kjördæmi, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, starfsmenn úr innanríkisráðuneyti og aðilar frá öðrum landshlutasamtökum og Byggðastofnun sem gestir.



Pallborð á málþingi SSV í Búðardal

Aðalfundur hafði vísað kosningu stjórnar og tillögu að lagbreytingum til fundarins. Ný lög SSV voru samþykkt á fundinum og kosin var ný stjórn samtakanna og nýr formaður. Þá var lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun sem hlaut samþykki eftir töluverðar umræður en hún gerði ráð fyrir u.þ.b 50% hækkun á framlögum sveitarfélaganna til SSV. Loks samþykkti fundurinn tillögu að launkjörum stjórnarmanna og fulltrúa í nefndum á vegum SSV. Á fundinum var lögð áhersla á að kynna starfsemi og verkefni SSV fyrir nýjum sveitar-stjórnarmönnum sem og þær breytingar sem verið er að gera á starfsemi samtakanna. Auk þess sem fram fór kynning á skýrslu sem SSV hafði unnið um sameiningar sveitarfélaga. Innríkisráðherra flutti ávarp og svaraði fyrirspurnum og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga flutti ávarp.

Í kjölfar erinda var pallborðsumræða um samskipti ríkis og sveitarfélaga sem Magnús Magnússon, ritstjóri stýrði. Í pallborðinu tóku þátt; Haraldur Benediktsson alþingismaður, Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Hermann Sæmundsson

skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri á Akranesi, Gunnar Sigurðsson formaður SSV.



Fyrirverandi sveitarstjórnarmenn Leifsbúð

Að loknu málþingi bauð Dalabyggð fundarmönnum upp á léttar veitingar í Leifsbúð. Þar heiðraði stjórn SSV sjö fyrirverandi sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi sem allir höfðu setið í sveitarstjórnnum í samfelld 20 ár eða lengur. Þetta voru þeir; Davíð Pétursson Skorradalshreppi, Guðbjartur Gunnarsson Eyja- og Miklaholtshreppi, Hallfreður Vilhjálmsson Hvalfjarðarsveit, Davíð Sveinsson Stykkishólmi og þeir Gunnar Sigurðsson, Sveinn Kristinsson og Guðmundur Páll Jónsson frá Akranesi.



Páll og Hrefna í heimsókn hjá Davíð á Grund og færðu honum kveðju frá SSV fyrir vel unnin störf, en Davíð sat samfelld í 48 ár í hreppsnefnd Skorradalshrepps.

Málþingið tókst um margt ágætlega, en það er ljóst að vinna verður að því áfram að þróa útfærslu á aðalfundi og málþingi, m.a. með hliðsjón af því hvar ræða eigi hin ýmsu hagsmunamál landshlutans og taka fyrir ályktanir.

STJÓRN SSV

Stjórn SSV sem kosin var á aðalfundi 2013 starfaði fram á haust 2014.

Í stjórninni sátu:

Gunnar Sigurðsson, formaður	Akranesi
Ingibjörg Valdimarsdóttir, varaformaður	Akranesi
Björn Bjarki Þorsteinsson	Borgarbyggð
Sigríður Bjarnadóttir	Borgarbyggð
Sigurborg Hannesdóttir	Grundarfirði
Hallfreður Vilhjálmsson	Hvalfjarðarsveit
Jón Þór Lúðvíksson	Snæfellsbæ

Áheyrnarfulltrúar í stjórn voru:

Halla Steinólfadóttir	Dalabyggð
Lárus Ástmar Hannesson	Stykkishólmi

Stjórn hélt 9 fundi á árinu. Stjórnarskipti fóru fram á framhaldsaðalfundinum í september. Ný stjórn var kosin samkvæmt nýjum lögum, en þau kveða á um að öll sveitarfélög á Vesturlandi með undir 3000 íbúa eigi einn fulltrúa í stjórn, en sveitarfélög með yfir 3000 íbúa eiga tvo fulltrúa.

Í stjórn voru kjörin:

Rakel Óskarsdóttir, varaformaður	Akranesi
Valgarður L. Jónsson	Akranesi
Björn Bjarki Þorsteinsson	Borgarbyggð
Guðveig Eyglóardóttir	Borgarbyggð
Ingveldur Guðmundsdóttir, formaður,	Dalabyggð
Eggert Kjartansson	Eyja- og Miklaholtshreppi
Eypór Garðarsson	Grundarfirði
Sif Matthíasdóttir	Helgafellssveit
Hjördís Stefánsdóttir	Hvalfjarðarsveit
Árni Hjörleifsson	Skorradalshreppi
Kristín B. Árnadóttir	Snæfellsbæ
Hafdís Bjarnadóttir	Stykkishólmi

Ný stjórn hélt tvo fundi frá kjöri og fram að áramótum

SKRIFSTOFA SSV

Töluverðar breytingar urðu á starfsemi skrifstofu SSV á árinu 2014. Í upphafi árs var starf menningarfulltrúa lagt undir SSV þegar Menningarráðs Vesturlands var lagt niður, en menningarfulltrúi hafði alla tíð haft aðstöðu á skrifstofu SSV. Á sama tíma tók skrifstofa SSV að sér umsýslu fjármála varðandi menningarmál sem og umsýslu fjármála fyrir Vesturlandsstofu.

Meðal þeirra breytinga sem stjórn hafði samþykkt að gera á starfsemi SSV var að ráða einn framkvæmdastjóra yfir alla starfsemi samtakanna. Frá árinu 2000 hafði skipulagið verið með þeim hætti að Hrefna B. Jónsdóttir hafði verið framkvæmdastjóri SSV og Ólafur Sveinsson framkvæmastjóri atvinnuráðgjafar og höfðu þau í sameiningu stýrt starfseminni. Auglýst var eftir framkvæmdastjóra í byrjun sumars og var Páll S. Brynjarsson f.v. sveitarstjóri í Borgarbyggð ráðinn í starfið úr hópi 19 umsækjenda. Páll hóf störf hjá SSV 1. september.

Skrifstofa SSV hefur allt frá stofnun Sorpurðunar Vesturlands árið 1999 haldið utanum rekstur félagsins. Í gildi er samningur um það að SSV sinni þessu verkefni og er Hrefna B. Jónsdóttir framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands.

Í árslok 2014 eru 9 starfsmenn á skrifstofu SSV í samtals 7 stöðugildum.

SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS

Árið 2013 var skrifað undir Sóknaráætlun Vesturlands. Framan af ári 2014 ríkti heilmikil óvissa um hvort framhald yrði á verkefninu. Niðurstaða náðist í maí og var þá skrifað undir samning um stuðning ríkisins við byggðaverkefni á Vesturlandi og voru 11, 2 mkr skilgreindar í sóknaráætlunarverkefni. Áfram var unnið með verkefni sem samþykkt höfðu verið árið 2013, en uppgjör vegna þeirra átti sér stað síðla árs 2014. Einnig var unnið áfram að fjárfestingaverkefninu „Efling fjarskipta og gagnaflutninga á Vesturlandi“ sem hefur verið í gangi frá árinu 2012. Stjórn SSV í samráði við vinnuhóp um Sóknaráætlun Vesturlands ákvað að skipta fjárveitingu ársins 2014 niður á eftirtalin verkefni:

- | | |
|---|----------------------|
| ▪ <i>Dreifnám í Dalabyggð</i> | <i>kr. 4.000.000</i> |
| ▪ <i>Akraborgarverkefni, efling ferðapjónustu</i> | <i>kr. 1.500.000</i> |
| ▪ <i>Breiðafjarðarverkefnið, efling ferðapjónustu</i> | <i>kr. 1.500.000</i> |
| ▪ <i>Ímynd Snæfellsnes, átak í eflingu ímyndar</i> | <i>kr. 3.000.000</i> |
| ▪ <i>Sköpunargáfa sem auðlind, LBHÍ</i> | <i>kr. 1.200.000</i> |



Skottmarkaður og skemmtilegheit

Í ágúst hófst vinna við nýja sóknaráætlun sem mun gilda fyrir árin 2015 til 2019. Í nýrri áætlun verða menningarsamningur og vaxtarsamningur sameinaðir sóknaráætlun og verður til nýr sjóður, Uppbyggingarsjóður Vesturlands. Þrjú megin verkefni verða kjarninn í nýrri áætlun; mótun framtíðarsýnar Vesturlands, stofnun og reksturs uppbyggingarsjóðs og átaksverkefni sóknaráætlunar. Ingveldur Guðmundsdóttir formaður SSV skrifaði undir nýja Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019 í febrúar 2015.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Frá árinu 2011 hefur SSV haldið utan um almenningssamgöngur á Vesturlandi eftir að hafa tekið yfir gömlu sérleyfin. Jafnframt hefur SSV haldið utan um verkefnið fyrir Vestfirðinga, Norðurland-vestra og leið 57 allt til Akureyrar. Haustið 2012 var núverandi fyrirkomulag tekið upp, samningur gerður við Strætó bs. um að skipuleggja leiðir, sjá um samskipti við verktaka sem aka leiðarnar og samskipti og þjónustu við notendur. Hlutverk SSV er því fyrst og fremst að vera í samskiptum við Vegagerðina og innanríkisráðuneyti sem og að halda utan um fjármálalega umsýslu. Þær leiðir sem SSV hefur umsjón með eru:

- *Leið 57 Reykjavík-Akranes-Borgarnes-Akureyri*
- *Leið 58 Borgarnes-Stykkishólmur*
- *Leið 59 Borgarnes-Búðardalur-Hólmavík*
- *Leið 81 Borgarnes-Hvanneyri-Reykholt-Baulan Borgarnes*
- *Leið 82 Hellissandur-Vatnaleið*
- *Leið 83 Hvammstangi-vegamót við Þjóðveg1*
- *Leið 84 Skagaströnd-Blönduós*

Reksturinn gekk erfiðlega haustið 2012 og urðu þá til skuldir sem í dag standa í um 14 mkr. Reksturinn var síðan í jafnvægi árið 2013 og aftur árið 2014 þegar afgangur frá rekstri var rúmar 2,8 mkr. Allt frá því snemma árs 2013 hafa verið deilur á milli landshlutasamtakanna sem standa að leið 57, um hvernig standa ætti að uppgjöri. SSV, FV og SSVN vildu gera allt kerfið upp sem eina heild, en Eyþing vildi gera leið 57 upp sérstaklega. Sumarið 2014 var skipaður sáttahópur sem í voru Ásgeir Eiríksson, Páll S. Brynjarsson og Geir K. Aðalsteinsson. Þeir skiluðu tillögu sem fól í sér að Eyþing muni halda u.m.b. 2/3 af framlagi Vegagerðarinnar til þeirra vegna leiðar 57, en afgangurinn og allar farþegatekjur renna til rekstraraðila leiðarinnar sem verða SSV, SSVN og FV.

Stjórn SSV samþykkti þessa tillögu og er nú unnið að því að klára samkomulag aðila sem byggir á tillögunni. Eftir er að leysa fortíðarvanda kerfisins sem er skuldin frá 2012 og eru góðar vonir um að það klárast á þessu ári.

ATVINNURÁÐGJÖF

Við atvinnuráðgjöf SSV störfuðu 5 starfsmenn á árinu 2014. Stöðugildi í ráðgjöfinni eru 3,5. Atvinnuráðgjöfin starfar í samræmi við samning Byggðastofnunar við landshlutasamtök um atvinnuráðgjöf í landshlutunum, en í gegnum samninginn kemur rúmlega 19 mkr. fjárstuðningur til reksturs atvinnuráðgjafar auk þess sem ákveðin verkefni eru skilgreint í honum. Samkvæmt samningi við Byggðastofnun um atvinnuþróun í landshlutunum skal atvinnuráðgjöf sinna eftirfarandi verkefnum:

- *Atvinnu – og byggðapróun*
Í samræmi við stefnu ríkisins í byggðamálum og áherslur Sóknaráætlunar Vesturlands. Leitar eftir samstarfi við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins og aðra aðila sem vinna ráðgjafar og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum
- *Atvinnuráðgjöf*
Atvinnuráðgjöf veiti aðstoð við stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Veiti upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð annarra aðila. Áhersla skal lögð á fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðalaga, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum, fyrirtæki með nýja vöru eða þjónustu og nýstofnuð fyrirtæki.
- *Nýsköpun*
Atvinnuráðgjöf vinni verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum.
- *Búsetuþættir*
Atvinnuráðgjöf vinni í samstarfi við sveitarfélög, aðra opinbera aðila og félagasamtök að greiningu eflingu búsetuþátta.
- *Upplýsingaöflun*
Atvinnuráðgjöfin skal hafa góða heildarsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta.
- *Endurmenntun, samstarf o.fl.*
Atvinnuráðgjöfin skal leitast við að efla þekkingu og fagmennsku sína á sviði atvinnu- og byggðapróunar með endurmenntun, samvinnu við önnur atvinnuþróunarfélög og Byggðastofnun, þátttöku í samstarfsverkefnum þessara aðila og með þátttöku í stefnumótun og samræmingu á félaganna.

Samkvæmt þessari upptalningu er hlutverk atvinnuráðgjafar umfangsmikið og fjölþætt og því ljóst að forgangsraða verður verkefnum og leitast hefur verið eftir að fylgja þeim meginlínunum sem þarna eru settar. Það væri eftir sem áður af mörgum ástæðum skynsamlegt að setjast niður með sveitarfélögum á svæðinu í þeim tilgangi að skilgreina og skerpa áherslur og forgangs röðun í starseminni.

Hér fyrir neðan má sjá sýnishorn af þeim verkefnum sem Atvinnuráðgjöf Vesturlands vann að á síðasta ári. Þessi listi er ekki tæmandi og t.d. eru nánast engin verkefni fyrir einstaklinga

tíunduð í þessari upptalningu, m.a. vegna þess að mikill trúnaður verður að vera milli þess sem leitar eftir þjónustunni og starfseminnar.

Helstu verkefni Atvinnuráðgjafar árið 2014:

- Útgefið efni
 - ✓ Íbúakönnun sú fjórða í röðinni
 - ✓ Könnun á smávöruverslun í Borgarnesi
 - ✓ Hagvísir um fyrirtæki á Vesturlandi
 - ✓ Skýrsla um sameiningu sveitarfélaga
 - ✓ Hagsaga sparisjóðanna
 - ✓ Vetrarkönnun ferðamanna á Vesturlandi (Rósa)

- Þátttaka og aðkoma að verkefnum
 - ✓ Sveitavegurinn (samstarfsverkefni SSV, Borgarbyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar)
 - ✓ Ýmis alþjóðleg verkefni
 - ✓ West Nordic municipal structure
 - ✓ EcoJobs
 - ✓ Ráðgjöf við hóp heimamanna í málefnum Landbúnaðarháskóla Íslands
 - ✓ Skólamál Eyja- og Miklaholtshrepps
 - ✓ Atvinnusýning í Borgarnesi
 - ✓ Framtíðarnefnd í samgöngumálum
 - ✓ Nettenging í dreifðum byggðum
 - ✓ Undirbúningur að „grænum iðngörðum“ samráðsvettvangi hagaðila á Grundartangasvæðinu
 - ✓ Undirbúningur að stofnun frumkvöðlaseturs í Borgarnesi
 - ✓ Utanumhald og umsjón með Vaxtarsamningi Vesturlands
 - ✓ Utanumhald og umsjón með almenningssamgöngum
 - ✓ Aðkoma að endurskipulagningu SSV
 - ✓ Umsjón og utanumhald með Sóknaráætlunarverkefnum

Fyrir utan þau verkefni sem að ofan eru talin upp hefur verið vaxandi eftirspurn eftir þjónustu einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga, varðandi atvinnumál af margvíslegum toga, allt frá einföldum fyrirspurnum til vinnslu verkefna.

Verkefni eru mismunandi eftir svæðum og hverjir leita til Atvinnuráðgjafar, en á síðastliðnu ári var nokkuð um að sveitarfélög leituðu til atvinnuráðgjafar með smá og stór verk. Einstaklingar og fyrirtæki hafa alla tíð sótt þjónustu til Atvinnuráðgjafar, meira var um það á síðasta ári að einstaklingar með hugmyndir um nýsköpun leituðu þangað en uppistaðan í þeim verkefnum sem leitað er eftir aðstoð með er ráðgjöf um fjármögnun og gerð umsókna. Viðveruþjónusta hefur verið á öllum þéttbýlisstöðum svæðisins, auk þess sem leitast er við að bregðast við beiðnum frá hverjum stað utan viðverutíma, þannig að þjónustustig við allt svæðið er gott. Þessu til viðbótar hefur Atvinnuráðgjöfin verið að vinna verkefni sem afla sértekna, fyrir aðila eins og t.d. ráðuneyti, sem leitað er til okkar með, vegna þeirrar þekkingaruppbyggingar og rannsóknarverkefna sem unnin hafa verið hjá Atvinnuráðgjöf á undanförunum árum.

Verkefni eins og Vaxtarsamningur sem nú kemur til með að heita „Uppbyggingarsjóður“ tekur nokkurn tíma þeirra einstaklinga sem um hann sjá, sama má segja um verkefni eins og sóknaráætlun og umsjón með almenningssamgöngum. Við skipulagsbreytingar hjá SSV munu verkefni eins og og almenningssamgöngur og sóknaráætlun færast til framkvæmdastjóra. Mun þá gefast meiri tími til að sinna atvinnuþróunar- og ráðgjafar-verkefnum, sem vaxandi eftirspurn er eftir.

Atvinnuráðgjöfin fær um eða yfir 4 þús. fyrirspurnir og erindi á ári, sem eru af margvíslegum toga eins og verkefnalisti hér að ofan gefur til kynna.



Frá atvinnusýningu í Borgarnesi

VAXTARSAMNINGUR VESTURLANDS

Á síðasta ári voru haldnir þrjú fundir í stjórn Vaxtarsamnings Vesturlands. Fyrsti fundur ársins var ekki fyrr en 2. júlí, ástæður þess voru þær að langan tíma tók hjá stjórnvöldum að taka ákvörðun um hvort gera ætti nýjan samning eða framlengja þann fyrri. Niðurstaðan var að fyrri samningur var framlengdur.

Í stjórn Vaxtarsamnings Vesturlands árið 2014 voru:

Helga Guðjónsdóttir, formaður	Snæfellsbæ
Rakel Óskarsdóttir	Akranesi
Guðsteinn Einarsson	Borgarbyggð
Sveinn Pálsson	Dalabyggð
Hallfreður Vilhjálmsson	Hvalfjarðarsveit

Á síðasta ári var í fyrsta skipti úthlutað öllu því fjármagni sem Vaxtarsamningur hafði til ráðstöfunar frá því þetta fyrirkomulag var tekið upp. Samtals var úthlutað á síðasta ári 24.820 þús. kr. til 21 aðila. Meira var um metnaðarfull verkefni en áður og vísbendingar eru um að eftirspurn verði ekki minni á nýju ári. Sem fyrr fór stærstur hluti úthlutana til verkefna í ferðþjónustu, en hlutur rannsókna og iðnaðar jókst frá fyrri tímabilum, sem er mjög ánægjulegt.

Nú liggur fyrir að fyrirkomulagi verði breytt, nafni verði breytt í Uppbyggingasjóð Vesturlands og fyrirkomulag úthlutana verða samræmdar úthlutunum til menningarmála.


Úthlutun styrkja úr Vaxtarsamningi Vesturlands árið 2014

Fiber-Ál-Plast	1.500.000
Fjölskylduvæn sjóstangveiði	500.000
Íslenskar ilmolíur	1.500.000
Náttúruböð við Hvítá	1.000.000
Frétta og þáttagerð á Vesturlandi	2.000.000
Ljósmyndatengdar ferðir um Vesturland	900.000
Seyla ehf. - Rannsóknastofa Hvanneyri	1.500.000
Rekstraráætlanir-Bifröst	2.500.000
Þekkingarmiðstöð Gufuskálum	2.000.000
Varnir gegn sinu- og kjarreldi	1.000.000

Arastofa - undirbúningsverkefni	700.000
Blómalindin/Kaffihornið - Skapandi ferðaþjónusta	500.000
Eðalfiskur - Markaðssetning erlendis	2.000.000
Ferðaskipulagning á Vesturlandi	500.000
Fish Jerky í alþjóða markaðssetningu	750.000
Norður Garum	800.000
Auknir afþreyingamöguleikar á Snæfellsnesi	650.000
Snjallt Göngukort	1.500.000
Sóknaráætlun fram-Skorradals	800.000
Atvinnuvegasýning Borgarness	20.000
	<hr/>
	24.820.000

Styrkveitingar skipt eftir atvinnugreinum:

Grein	Styrkveitingar
Rannsóknir, þróun, fræðsla	6.000.000
Matvæli	3.550.000
Iðnaður	3.000.000
Verslun/þjónusta	-
Annað	3.020.000
Samtals	<hr/> 24.820.000 <hr/>



ÞJÓNUSTURÁÐ VESTURLANDS

Þjónusturáð Vesturlands er skipað Hjördísi Hjartardóttur félagamálastjóra Borgarbyggðar, Sveini Elinbergssyni forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og Helgu Gunnarsdóttur sviðsstjóra Akraneskaupstaðar sem jafnframt er formaður.

Haldnir voru fjórir fundir í þjónusturáðinu á árinu. Fundirnir voru haldnir hjá SSV í Borgarnesi.

Störf ráðsins hafa á árinu snúist um samræmingu reglna, samráð um þjónustuna og að hafa yfirsýn yfir fjármál þjónustunnar. Mikið samráð er milli fulltrúa í þjónusturáðinu í tölvupósti og símleiðis. Talsverð upplýsingagjöf og samskipti eru við Jöfnunarsjóð og verkefnisstjórn sem vinnur að framlengingu samnings milli ríkis og sveitarfélaga vegna málaflokksins.

Ákveðið var á seinni hluta árs 2013 að Borgarbyggð tæki yfir rekstur Fjöliðjunnar í Borgarbyggð frá og með 1. janúar 2014.

Á árinu 2014 var lagt sismat fyrir 29 einstaklinga á Vesturlandi. Skipting milli félagaþjónustusvæða var eftirfarandi:

Félagþjónustusvæði	Fj. endurmat	Fj. nýtt sismat
Akranes	15	
Borgarbyggð	10	2
Snæfellsnes	1	1

Jöfnunarsjóður hefur sett fram þá skilgreiningu að enginn fari í sismat sem nýtur þjónustu sem kostar undir fjórum milljónum á ári.

Niðurstöður úr því sismati sem fram fór í ágúst og september hafa ekki borist og er það bagalegt þar sem þær eru forsendur fyrir skiptingu fjármuna milli félagsþjónustusvæða skv. reglum sem stjórn SSV hefur samþykkt. Alls hafa 43 einstaklingar fengið sismat á Vesturlandi. Á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit eru 26 einstaklingar, í Borgarbyggð og Dalabyggð 15 einstaklingar og á Snæfellsnesi 2. Þjónusturáðið hefur unnið að því að útbúa skilgreiningar sem miða að því að greina þann fjölda sem nýtur þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðra en það er fjölmennari hópur en sá sem skilgreindur er með sismati.

Nokkur hækkun varð á tekjum þjónustusvæðisins miðað við áætlanir í síðari hluta ársins 2013 en varðandi fjármálin vísast til ársreiknings sem liggur fyrir.

STARFSENDURHÆFING VESTURLANDS

Á aðalfundi SSV í mars varð umræða um stofnun Starfsendurhæfingar Vesturlands. Í erindi sem Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri Virk hélt á fundinum kom fram að Virk er með þrjá ráðgjafa á Vesturlandi, tvo á Akranesi og einn í Borgarnesi. Í máli hennar kom fram að Virk hefur verið að veita endurhæfingarhúsum á landsbyggðinni rekstrarstyrki, en að skilyrði fyrir styrkveitingum væri að landshlutinn stæði allur að rekstri slíks húss. Akraneskaupstaður hafði undanfarin ár rekið endurhæfingarhúsið Hver með stuðningi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og fleiri aðila. Því var ákveðið á fundinum að fela Helgu Gunnarsdóttur frá Akraneskaupstað, Ingu Dóru Halldórsdóttur frá Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Hrefnu B. Jónsdóttur frá SSV að undirbúa stofnun Starfsendurhæfingar Vesturlands og vinna tillögu að því hvernig rekstri hennar væri best fyrir komið.



Tillagan var kynnt á stjórnarfundum SSV í maí og þar var ákveðið að vinna að stofnun Starfsendurhæfingar Vesturlands og hún myndi síðan taka við rekstri Hver á Akranesi. Gerður var samningur við Virk um stuðning frá 1.júní til áramóta. Áfram var unnið að undirbúningi að stofnun Starfsendurhæfingar Vesturlands og var formlegur stofnfundur haldinn í desember. SSV er stofnaðili, ásamt Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Heilbrigðis-

stofnun Vesturlands, Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Stéttarfélagi Akraness og Stéttarfélagi Vesturlands. SSV greiddi kr.500.000.- í stofnfé. Fulltrúar SSV í stjórn eru Helga Gunnarsdóttir sem jafnframt er formaður, Hafdís Bjarnadóttir og Þorkell Cýrusson. Framkvæmdastjóri er Thelma Sigurbjörnsdóttir. Nýr samningur var gerður við Virk um áramót sem gildir fyrstu sex mánuði ársins 2015 og verður sá samningur framlengdur út árið.

MENNINGARMÁL

Í árslok 2013 var Menningarráð Vesturlands lagt niður og stjórn SSV tók yfir verkefni þess. Skipað var sérstakt fagráð í menningarmálum sem vinnur með menningarfulltrúa að úrvinnslu styrkumsókna og gerir tillögu til stjórnar SSV um styrkúthlutanir. Menningarfulltrúi er því orðinn starfsmaður SSV og heyrir undir framkvæmdastjóra í skipuriti. Miklar breytingar hafa verið gerðar á starfseminni á þessu ári og væntanlega verður svo einnig á næsta ári, þegar samningar um Sóknaráætlun hafa verið samþykktir. Menningarfulltrúi Vesturlands er Elísabet Haraldsdóttir.

Í faghópi um úthlutanir 2014 voru:

- Hörður H. Helgasson, tilnefndur af sveitarfélögum sunnan Skarðsheiðar, formaður
- Helena Guttormsdóttir, tilnefnd af sveitarfélögum norðan Skarðsheiðar og Dalabyggð
- Dagbjört Höskuldadóttir, tilnefnd af sveitarfélögum á Snæfellsnesi
- Einnig vann með hópnum Hrefna B. Jónsdóttir, þáverandi framkvæmdastjóri SSV

Framan af árinu 2014 var nokkur óvissa um framtíð menningarsamnings við ríkið og því var nýr samningur fyrst undirritaður í lok maí 2014 og gildir til 31. desember 2014. Samningurinn var undirritaður af Illuga Gunnarssyni mennta- og menningarmálaráðherra og Sigurði Inga Jóhannssyni atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og þáverandi formanni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Gunnari Sigurðssyni. Í samningi kom fram að á árinu skulu samningsaðilar skoða forsendur fyrir frekara samstarfi og lauk þeirri vinnu með undirritun Sóknaráætlunar Vesturlands í upphafi árs 2015.



Úr leikritinu Mar í Frystiklefanum á Rífi

Markmið samningsins 2014 eru að efla menningarstarfsemi á Vesturlandi, samkvæmt samningi sveitarfélaga á Vesturlandi, mennta- og menningarmálaráðuneytis og iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis. Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu. Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í listum og menningu og menningartengdri ferðaþjónustu og fjölga atvinnu-tækifærum á sviði lista og menningar.

Framlög til menningarsamningsins árið 2014:

- Mennta- og menningarráðuneyti lagði til 24.193.000. kr.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti lagði til 6.500.000 kr.
- Sveitafélög á Vesturlandi lögðu til 11.550.000 kr.

Sveitarfélögin á Vesturlandi leggja sameiginlega til að lágmarki sem næst 40% af framlögum ráðuneyta samkvæmt samningi menningarstyrkja. Kostnaður við starfsemi ráðsins, menningarfulltrúa og aðstöðu hans er greiddur af því fé sem veitt er til samningsins. Fjármagn til stofn- og rekstrarstyrkja er undanskilið umræddu mótframlagi þar sem um er að ræða fjármagn sem fluttist til landshlutanna, í gegnum menningarsamninga, af safnliðum fjárlaga.

Umsóknir um menningarstyrki voru 110 alls að upphæð 84.449.710 kr. Út-hlutað var 21.375.000 kr. til alls 62 verkefna. Lista um styrkþega má finna í viðauka og á heimasíðu Menningar-ráðs www.menningarviti.is.

Tafir við undirritun samninga (skrifað undir 26.maí), gerðu



það að verkum að hætta þurfti **Hespuhúsið – Guðrún Bjarnadóttir**

við úthlutunarhátíðina 2014. Vegna seinkunarinnar bárust margar beiðnir um frestun á verkefnum. Þeim verkefnum verður lokið 2015. Samþykktar voru 11 beiðnir um frestun til ársins 2015. Upplýsingar um menningarstyrkina og styrkhafa eru aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins.

Umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki voru alls 24 að upphæð 37.126.000 kr. Úthlutað var 9.000.000 kr. til 15 verkefna. Umsækjendur geta verið, félag, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á svæðinu.

Stofn- og rekstrarstyrki 2014 hlutu eftirfarandi stofnanir:


Átthagastofa Snæfellsbæjar	600.000	Rekstur safns og salar
Byggðarsafnið Görðum Akranesi	500.000	Eldsmiðja og bátaskýli, Garðshús
Dalabyggð, Leifsbúð	500.000	Rekstur menningarviðburða
Frystiklefinn í Rífi	600.000	Leikhús og fjölbreytt aðstaða
Grímshúsfélag	400.000	Endurbygging Grímshúss
Grundarfjarðarbær	200.000	Myndefni Bærings Cecilssonar
Hespuhúsið, opið verkstæði	700.000	Nýsköpun, rekstur og móttaka
Ingi Hans, ILDI ehf.	300.000	Sögustofa, rekstur móttaka
Leir/7 Stykkishólmi	300.000	Hagleikssmiðja/ leirlist, nýsköpun
Ljósmyndasafn Akraness	500.000	Varðveisla og flokkun ljósmynda
Norska húsið, Byggðasafn	1.400.000	Rekstur og viðhald hússins
Safnahús Borgarfjarðar	800.000	Rekstrarstyrkur
Sjóminjasafnið á Hellisandi	500.000	Rekstarstyrkur
Snorrastofa, Reykholti	1.000.000	Rekstarstyrkur
Stykkishólmsbær, Eldfjallasafn	700.000	Rekstarstyrkur
Samtals	9.000.000	

Skipting umsókna og úthlutana árið 2014:

Flokkar	Umsóknir (þ.kr.)	Úthlutað (þ.kr.)
Blönduð menningardagskrá	13.235	4.170
Bókmenntir og sagnahefð	1.100	300
Sviðslistir dans og leiklist	8.857	1.400
Málþing og ráðstefnur	3.125	500
Menningartengd ferðaþjónusta	10.324	1.750
Tónlist	16.895	4.450
Kvikmyndalist	6.900	2.600
Myndlist og listhönnun	6.766	2.220
Ljósmyndun	3.660	800
Menningararfur og safnamál	5.152	500
Fræðsla og námskeið	2.585	685
Sérverkefni menningarráðs		
Annað	5.850	2.000
Samtals	84.450	21.375

Úthlutanir eftir svæðum

Sveitarfélög	Umsóknir (þ.kr.)	Úthlutað (þ.kr.)	Fjöldi umsókna	Fjöldi úthlutana
Sunnan Skarðsheiðar	30.744.-	5.750.-	35	19
Norðan Skarðsheiðar	16.549.-	3.370.-	25	11
Snæfellsnes	16.771.-	4.955.-	25	17
Dalir	7.970.-	1.700.-	9	4
Allir/allt Vesturland	12.415.-	5.600.-	16	11
Samtals	84.450.-	21.375.-	110	62



Úthlutanir *allir* eiga t.d. við styrki sem gilda fyrir allt Vesturland, styrkir sem veittir voru til Vesturlandsstofu, þeir styrkir voru veittir vegna myndbands og kynningar menningartengdum stöðum. Unnið var efni fyrir heimasíðu og fleira. Styrkur til félagsins Vitbrigði Vesturlands, Hið blómlega bú á Vesturlandi og fl.

Með tilkomu nýrrar sóknaráætlunar rennur menningarsamningur inn í það verkefni og mun nýr Uppbyggingarsjóður Vesturlands hér eftir veita styrki til menningarmála. Menningarfulltrúi Vesturlands sem í dag er starfsmaður SSV mun áfram sinna allri umsýslu með styrkveitingum til menningarmála fyrir hinn nýja sjóð.



VESTURLANDSSTOFA

Í upphafi árs eignaðist SSV allt hlutfé í Vesturlandsstofu og var Ólafur Sveinsson skipaður í stjórn og jafnframt stjórnarformaður. Verkefni Vesturlandsstofu voru fjölbreytt á árinu 2014 og verður farið yfir það helsta hér. Starfsmenn árið 2014 voru Rósa Björk Halldórsdóttir framkvæmdarstjóri, Kristján Guðmundsson verkefnastjóri og Sonja Hille starfsmaður Upplýsingamiðstöðvar. Auk þess var Lilja Björk ráðinn inn yfir sumartímann í upplýsingamiðstöð.

Nýr Landshlutavefur

Það sem bar hæst á árinu 2014 var að nýr landshlutavefur fór í loftið, á tveimur tungumálum ensku og íslensku. Vefurinn er mun meira markaðssetningartæki heldur en gamli vefurinn sem var aðallega upplýsingarveita. Vefurinn er unnin í samstarfi við fyrirtækið Stefnu sem sér um hýsingu. Enski hlutinn eru undir WestIceland.is og íslenski hlutinn undir Vesturland.is.

ÚTGÁFUMÁL

Gefin var út Vesturlandshandbókin sem gefin er út ár hvert. Var hún prentuð í 40.000 eintökum og dreift á alla helstu staði á Vesturlandi og á upplýsingarmiðstöðvar um allt land. Fyrirtækið R3 sá um dreifingu á handbókinni. Prentuð voru 50.000 Vesturlands borðkort sem dreift var um Vesturland. Þau kláruðust um haustið og prentuð voru 15.000 í viðbót fyrir veturinn. Unnið var að útgáfu Snæfellsneskorts í samstarfi við Ferðafélag Snæfellsnes, það var prentað í 60.000 eintökum og ætlað að endast í nokkur ár.

FERÐASÝNINGAR

Markaðsstofur landshlutanna standa fyrir sameiginlegri kynningu fyrir aðila sína í Reykjavík undir nafninu Mannamót. Mannamót voru haldin í fyrsta sinn árið 2014 og nú þegar hefur verið haldið Mannamót 2015 og stefnt er að því að halda Mannamót ár hvert. Árið 2014 voru 30 fyrirtæki af Vesturlandi sem kynntu starfsemi sína. Sóttar voru tvær ferðasýningar, Vestnorden sem haldin var 30. október til 1. september og Mid-Atlantic sem haldin var 5.-6. febrúar. Rósa Björk og Kristján sóttu þessar sýningar og funduðu með erlendum og innlendum ferðaskrifstofum.

DAGUR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Þann 22. maí var dagur ferðaþjónustunnar haldin á Bifröst. Góð þátttaka var og mættu yfir 60 manns. Starfsmenn frá Ferðamálastofu og Íslandsstofu mættu og kynntu verkefni sín og ný fyrirtæki á Vesturlandi kynntu fyrirætlanir sínar.

UPPSKERUHÁTÍÐ

Þann 13. nóvember var haldin uppskeruhátíð í Hvalfirði og á Akranesi og sóttu 30 manns hátíðina. Hófst dagskrá á Hernámssetrinu á Hlöðum með fyrirlestrum frá Vesturlandsstofu, framkvæmdarstjóra SSV og Ragnhildi í Svæðisgarðinum Snæfellsnesi. Eftir hádegi var ekið út á Akranes -í Bíóhöllina- þar sem fræðandi fyrirlestar voru fluttir. Heimsóttu þátttakendur Vitann og Safnasvæðið á Akranesi, þaðan var svo farið að Bjarteyjarsandi í fordrykk en dagurinn endaði á kvöldverði í Hótel Glym. Kári Viðarsson sem rekur Frystiklefann Rifi fékk hvatningarverðlaun og Landnámssetur Íslands fékk verðlaunin Höfðingjann.

HEIMSÓKNIR ERLENDRA BLAÐAMANNA

Markaðsstofa Vesturlands tók á móti fjölmörgum blaðamönnum á árinu 2014. Ber þar helst að nefna þýska útvarpskonu sem skellti sér í leitir í Borgarfirði og var útkoman útvarpsþáttur um leitir og réttir á Vesturlandi. Hún fór einnig í heimsókn til Páls á Húsafelli og gerði sér þátt um hann. Einnig kom níu manna hópur kanadískra og bandarískra blaðamanna í maí og voru í tvo daga. Fyrri daginn var farið í fjórhjólaferð í Hvalfirði, í náttúrulegum og gist á Hótel Glym en seinni daginn var farið á Snæfellsnes og farið á leiksýningu í Frystiklefanum Rifi, komið við í Vatnshelli og endað á Hótel Búðum.

MENNINGARMYNDABAND

Menningarmyndband Vesturlands kom út á árinu. Um er að ræða fjögur myndbönd frá Akranesi, Borgarnesi, Dölum og Stykkishólmi. Myndböndin eru tekin upp og unnin af fyrirtækinu Búdrýgindi. Myndböndin eru aðgengileg á vefnum vesturland.is.

LANDSHLUTAMIÐSTÖÐ VESTURLANDS

Markaðsstofan rekur upplýsingamiðstöð í Borgarnesi sem flokkast undir Landshlutamiðstöð. Sonja Hille sér um daglegan rekstur. Gestir á árinu 2014 voru um 8.000 manns og er það aukning um 1.000 manns milli ára. Opnunartími yfir veturinn er 09:00-17:00 virka daga en yfir sumartímann er opið 09:00-18:00 virka daga, á laugardögum 10:00-16:00 og sunnudögum 12:00-16:00.

FRAMUNDAN Á ÁRINU 2015

Í byrjun árs 2015 tók Kristján Guðmundsson við forstöðu Vesturlandsstofu. Ýmis verkefni eru framundan á árinu, t.d. Akraborgarverkefnið sem er vetrarátaksverkefni á Hvalfjarðar-, Akranes-, og Borgarfjarðarsvæðinu og verkefnið People of Iceland sem hefur það að markmiði að kynna aðila sem taka á móti fólki í persónulega heimsókn eins og t.d. á Erpsstöðum og Bjartheyjasandi. Einnig má nefna kynningar á niðurstöðum viðhorfskannana, útgáfu handbóka og borðkorta ásamt Vestnorden ferðaráðstefnu í Færeyjum. Móttaka erlendra blaðamanna verður áfram stór hluti af starfi Markaðsstofunnar og unnið verður að nýjum verkefnum sem byggja ofan á það sem þegar hefur verið gert.



LOKAORÐ

Hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga hefur vaxið undanfarin ár. Þær breytingar sem gerðar voru á starfsemi SSV á árunum 2013 og 2014 voru hugsaðar til þess að samtökin gætu sinnt betur nýjum verkefnum sem tekin hafa verið yfir að undanfögnu. Áfram verður meginhlutverk SSV tvíþætt; að efla samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi og sinna samstarfsverkefnum fyrir þau og hins vegar að stuðla að jákvæðri byggðarþróun á Vesturlandi. Það er von okkar að breytingar á starfsemi SSV stuðli að því styrkja samtökin og gera þeim betur kleift að sinna ofangreindum verkefnum.



VIÐAUKI: STYRKIR TIL MENNINGARMÁLA 2014

	Styrktarupphæð	Lýsing á verkefni
Búdrýgindi ehf. / nýsköpun / kynningarefni.	1.000.000	Verkefni sem spannar allt svæðið/ mikill faglegur metnaður og nýsköpun á Vesturlandi.
Búdrýgindi ehf./ Markaðsstofa Vesturlands.	600.000	Markaðssetning menningarstaða, framhaldsverkefni á kynningarstarfi menningartengdra verkefna á Vesturlandi
Ungur gamall tónleikar Akranesi	600.000	Vandaðir tónleikar grunnskólanna og tónlistarskólans á Akranesi, og reyndra tónlistarmanna og kennara.
IsNord tónlistarhátíðin	600.000	Tónlistararhátíð/ Leggur áherslu á íslenska og norræna tónlist og listamenn af Vesturlandi.
Sigurgeir Agnarsson/ Reykholtshátíð	600.000	Reykholtshátíð/ Hátíðin hefur mikla þýðingu fyrir Vesturland og sögustaðinn Reykholt.
Snorrastofa	600.000	Fyrirlestrar í héraði, námskeið í Snorrastofu Reykholti.
Stykkishólmsbær	600.000	Eldfjallasafnið/ Fróðleikur um eldvirkni á þessu sérstaka svæði færft í app.
Vitbrigði Vesturlands	600.000	Listir og samstarf skapandi greina, atvinnusköpun ungra listamanna og samvinna á Vesturlandi
Ferðapjónustan Fljótstungu.	500.000	Vinnustofur og samstarf með listamönnum / listsmiðja
Félag nýrra Íslendinga	500.000	Alþjóðleg menningar hátíð á Vesturlandi.
Frystiklefinn leikhús á Rífi	500.000	Leiksýningar, flutt á íslensku og ensku á sumrin. Vinnubúðir á veturna fyrir listamenn.
Stefnumót við Skagamenn/ Haraldur Bjarnason	500.000	Myndbandsviðtöl við eldri Akurnesinga.
Stuttmynd/Hollvinasamtök Þórðar Halldórssonar	500.000	BROT um Þórð Halldórsson lífskúntner frá Dagverðará.
Markaðsstofa Vesturlands	500.000	Safnadagurinn 24. apríl / öll söfn á Vesturlandi vinna saman.
Menningar- og ferðamálanefnd Dalabyggðar	500.000	Sturluþing 800 ár frá fæðingu Sturlu Þórðarsonar.
Northern Wave Félagssamtök/ Dögg Mósesdóttir	500.000	Alþjóðleg stuttmyndahátíð í Grundarfirði, tónlistarmyndbönd, lokahátíð.
Sigurður Sigurbjörnsson	500.000	Menningarsmiðja og samtímaskráning fyrir Dalabyggð.
Tónlistarskólinn á Akranesi	500.000	Ævintýri í tónum og tali haustið 2014. Sýning í Bíóhöllinni.
Leir7 leirlistarverkstaði og sýningarstaður.	450.000	Atvinnuskapandi , nýsköpun, hönnun, listsýningar í Leir/7.

Byggðasafnið Görðum, Akranesi/ no1.	400.000	Listskýning í samstarfi við Nýlistarsafnið.
Félag aldraðra í Borgarfjarðardölum.	400.000	Skráning borgfirskra örnefna í miðlægan kortagrunn.
Grundarfjarðarbær/ nýsköpun samstarf	400.000	Samstarf Grundarfjarðar, LBHI og erlends vinabæjar.
Kór Akraneskirkju	400.000	Eternal light sálumessa Howard Goodall.
Markaðsstofa Vesturlands	400.000	Kynning á menningarverkefnum, og menningarstöðum á Vesturlandi
Penna sf., Nýpurhryna	400.000	Listskýning sem stuðlar að kynningu á svæðinu, og listamönnum. Í ár eru litir svæðisins til skoðunar en Dalir og hólar, sýningar hófust árið 2008.
Stórsveit Snæfellsness/ ungt fólk á Snæfellsnesi	400.000	Þátttaka í "Rock og Ages" og samstarfi við hljóðfæraleikara úr Sinfóníuhljómsveit Íslands.
Tónlistarskóli Borgarfjarðar v/TónVest	400.000	TónVest samstarf allra tónlistarskóla á Vesturlandi og víðar.
Blús og Djassfélag Akraness	300.000	Þriggja daga blús og djasshátíð á Akranesi.
Byggðasafnið Görðum, Akranesi/ no2.	300.000	Samstarf félags eldsmiða og Byggðasafnsins á Görðum.
Hilmar Sigvaldason	300.000	Fimm turna tal / óhefðbundinn menningarviðburður.
Inga Sigríður Ragnarsdóttir	300.000	Leirlistarsýning og sagan um Dalaleir í Leifsbúð Búðardal.
Júlíana, félagasamtök	300.000	Hátíð sögu og bóka/ Júlíönnuhátíðin í Stykkishólmi.
Kalman-listafélag	300.000	Mánaðarlegir viðburðir og sumartónleikar.
Landnámssetur Íslands	300.000	Sturluverkefni á 800 ára afmæli Sturlu Sighvatssonar
Listvinafélag Stykkishólmskirkju	300.000	Fjölbreyttur menningardagskrá í kirkjunni og víðar.
Nemenda Félag Fjölbrautaskóla Vesturlands Akranesi	300.000	Gauragangur samstarf við Vini hallarinnar.
Snæfríður - ungt fólk á Snæfellsnesi	300.000	Að gera Snæfellsnes enn skemmtilegra fyrir ungt fólk og standa fyrir viðburðum og kynningum um atvinnulíf og mannlíf á Snæfellsnesi.
Steinunn Guðmundsdóttir/ Borghildur Jósúadóttir	300.000	Efla samstarf skapandi listgreina og ungra og fullorðinna. Námskeið.
Tónlistarfélag Borgarfjarðar	300.000	Fjölbreyttir tónleikar um allan Borgarfjörð.
Norska húsið Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	270.000	Listamenn vinna með safninu útfrá fornum munum.
Safnahús Borgarfjarðar	270.000	Skoða saman/ Sýning um Böðvar Guðmundsson samstarf við Tónlistarskóla og aðra skóla á svæðinu.
Átthagastofa Snæfellsbæjar	250.000	Sjávarútvegssýning í samstarfi við Fiskasafnið og fl.
Lúðrasveit Stykkishólms	250.000	Tónleikar samstarf, gestgjafar

Bókasafn Akraness	200.000	Landssambands lúðrasveita í Stykkishólmi. Sögubíllinn, Æringi á Írskum dögum.
Bókasafn Akraness	200.000	Skapandi skrif, ritsmiðja í júní fyrir unga fólkið.
Saga Jarðvangur / Ferðapjónusta Húsafelli	200.000	Í spor Ásgríms/ Sögustígur um Ásgrím Jónsson í Húsafelli.
Jón Hilmarsson/ Hvalf. Ljósmyndari	200.000	Lifandi ljósmyndarsýning með tónlistarlegum stuðningi sem styður þema myndefnisins.
Rósa Björk/ vöru- og grafiskur hönnuður	200.000	Verkefni fyrir Markaðsstofu Vesturlands, kynningarefni. .
Saga Jarðvangur Project	200.000	Kynningarefni og undirbúningur.
Tónlistarskóli Stykkishólms	200.000	50 ára afmæli skólans minnst með veglegri dagskrá
Vitinn, félag áhugaljósmyndara á Akranesi	200.000	Ljósmyndasýningar og námskeið fyrir unga áhugaljósmyndara.
Norska húsið Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	185.000	Veðrun og viðsnúningur, sýning áhersla á listsköpun ungs fólks.
K. Hulda Guðmundsdóttir / Kristín Jónsdóttir	150.000	Ljósmyndir, eyðibýli í Skorradal, sýning.
Myndsmiðjan sf. Guðni Hannesson ljósmyndari	150.000	Ljósmyndasýning á Vökudögum
Árni G Aðalsteinsson	100.000	Ljósmyndasýning ferðir á leynda staði.
Byggðasafnið Görðum, Akranesi/. gelískur arfur	100.000	Undirbúningur samstarf við milli landa um gelískan / keltneskan menningararf.
Elsa Kristín Sigurðardóttir/ Sara Gills/	100.000	Samstarf tveggja ungra listamanna milli svæða/ Stykkishólmur og Dalir.
Gunnsteinn Sigurðsson	100.000	Leiklistarsmiðja í Snæfellsbæ fyrir 14-16 ára.
Gunnsteinn Sigurðsson	100.000	Leikræn tjáning / námskeið.
Leikskólinn Vallarsel	100.000	Listrænn tónlistarstuðningur við sýningu í leikskólum.
Norska húsið Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	100.000	Skotthúfan, þjóðbúningar, árlegur viðburður í Norska húsinu.
Reynir Hauksson	100.000	Ungir tónlistarmenn á Vesturlandi. Hljómsveitar tónleikar.
Menningarráð/ ráðstefnur /	0	Sérverkefni menningarráðs, t.d. ráðstefnur.

